

Byggingaiðnaðurinn á Norðurlöndum nýtir ekki til fulls þau miklu tækifæri sem felast í vistvænni mannvirkjagerð og endurbótum á byggingum. Markmið Nordic Built verkefnisins er að byggingaiðnaðurinn sameinist um að nýta sérþekkingu sína til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum. Leiðandi fyrirtæki í greininni hafa nú þegar tekið fyrstu skrefin og hvetja aðra til þess að gera hið sama.

Þann 8. ágúst undirrituðu 20 stjórnendur úr norræna byggingaiðnaðinum Nordic Built sáttmálann í Kaupmannahöfn, og sýndu þar með vilja sinn til breytinga. Með undirskriftinni skuldbinda þeir sig til þess að fylgja tíu meginreglum í starfi sínu og fyrirtækja sinna, og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að þróa samkeppnishæfar lausnir í sjálfbærri mannvirkjagerð.

Norræni byggingaiðnaðurinn hefur þróað fjölda íhluta fyrir orkuvænar byggingar og öll Norðurlöndin leggja ríka áherslu á umhverfismál. Þar að auki er löggjöfin ströng og endurspeglar metnað okkar um að byggja bestu mannvirki heims. Norðurlöndin hafa einstakar forsendur fyrir því að marka sér sérstöðu á heimsvísu í vistvænni mannvirkjagerð. Samvinna landanna á milli gerir aðilum kleift að nýta tækifærin á þessum vaxandi markaði eins og best verður á kosið. Við hvetjum því iðnaðinn í heild til þess að undirrita Nordic Built sáttmálann og fylgja þeim reglum sem hann setur.

Frumkvæði frá stjórnarsýslunni

Nordic Built er eitt af sex svokölluðum kyndilverkefnum sem stofnað var til í tengslum við mótun nýrrar stefnu um samvinnu í iðnaðar- og nýsköpunarmálum, með áherslu á grænan vöxt, sem norrænu viðskipta- og iðnaðarráðherrarir samþykktu í október 2011. Norræna ráðherraráðið fjármagnar verkefnið ásamt Nordic Innovation, sem einnig er í forsvari fyrir framkvæmd þess í samvinnu við Norðurlöndin.

Nordic Built fer fram í þremur tengdum áföngum á tímabilinu 2012-2014. Í fyrsta áfanga verkefnisins hefur áhersla verið lögð á að skilgreina þær sameiginlegu áskoranir og tækifæri sem norræni byggingaiðnaðurinn stendur frammi fyrir. Sú vinna leiddi til Nordic Built sáttmálans, Nordic Built Charter, sem er kjarni verkefnisins.

Annar áfangi Nordic Built hefst síðar á þessu ári. Aðilum sem sinna nýsköpun í byggingaiðnaði og á öðrum sviðum býðst að taka þátt í viðamikilli samkeppni um endurbætur í takt við sjálfbærnimarkaði í einni byggingu í hverju Norðurlandanna. Markmiðið er að vekja athygli á Nordic Built sáttmálanum með hvetjandi verkefnum, rausnarlegum peningaverðlaunum og mikilli umfjöllun.

Nordic Built er samvinnuverkefni sem hvetur til þróunar samkeppnishæfra lausna í vistvænni mannvirkjagerð. Verkefnið miðar að því að Norðurlöndin nái markmiðum sínum um að vera leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð.

Aðilar að Nordic Built sáttmálanum (8.ágúst)

Skanska, ByggVesta, Pöyry, Uponor, COWI, Energistyrelsen, Henning Larsen Architects, KAB, Velux, Batterið Arkitektar, EFLA Verkfræðistofa, Framkvæmdasýsla ríkisins, Vistbyggðarráð, Entra Eiendom, NCC Property Development, Snøhetta, SINTEF og Zero.

Nordic Innovation eða norræni nýsköpunarsjóðurinn er norræn stofnun sem hefur að hlutverki að stuðla að viðskiptum og nýsköpun á alþjóðavettvangi. Nordic Innovation heyrir undir Norræna ráðherraráðið og leikur lykilhlutverk í framkvæmd samvinnuverkefna á sviði viðskipta, atvinnulífs og nýsköpunar.